

Ed.

76. Frumvarp til laga

[62. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 22 24. apríl 1965.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

II. liður í 10. gr. laganna orðist svo:

Framræsla vegna tún-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgröftur):

- a. Skurðir vélgrafnir, 70% kostnaðar við gröft skurðanna. Ákvæðisvinna skal viðhöfð við skurðgröft þar, sem því verður við komið. Ríkisframlag skal miða við ákvæðisvinnutaxta hvers ræktunarsvæðis, sé hann fyrir hendi. Annars úrskurðar Búnaðarfélag Íslands reikninga.

Búnaðarfélag Íslands gerir heildaráætlun til fimm ára um, hversu mikið skuli grafa á hverju ræktunarsvæði. Skal áætlunin endurskoðuð árlega. Héraðsráðunautar skulu leita eftir óskum bænda um skurðgröft, og fyrir 15. febrúar, í fyrsta sinn 1968, skulu þeir senda stjórn Búnaðarfélags Íslands sundurliðaðar áætlanir, hver fyrir sitt umráðasvæði, um þann skurðgröft, sem þeir telja æskilegan á hverri jörð næstu fimm ár. Þá skulu þeir árlega fyrir 15. febrúar senda Búnaðarfélagi Íslands endurskoðaðar áætlanir fyrir hið nýbyrjaða ár. Jarðræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands hafa umsjón með þessum áætlunum og skera úr um vafaatriði.

Þegar endurskoðaðar áætlanir hvers árs liggja fyrir, samþykktar af stjórn Búnaðarfélags Íslands, skal skurðgröftur á hverju ræktunarsvæði boðinn út. Skulu útboð fara fram fyrir 15. marz hvert ár. Búnaðarfélag Íslands gerir útboðin fyrir hönd þeirra samtaka, sem sjá um skurðgröft fyrir bændur á hverju ræktunarsvæði, sbr. 20. gr. 2. málgr., og ákveður, hvaða tilboðum skuli tekið og hvaða tryggingar vertakar skuli setja.

Ræktunarsambönd og Vélasjóður geta jafnt og aðrir aðilar boðið í skurðgröft, hvar sem er á landinu. Ræktunarsambönd hafa rétt til að ganga inn í lægsta tilboð, hvert á sínu ræktunarsvæði.

Berist engin tilboð eða óaðgengileg í skurðgröft á einhverju ræktunarsvæði, felur stjórn Búnaðarfélags Íslands vélanefnd að láta grafa þar með skurðgröfum Vélasjóðs. Jarðræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands hafa eftirlit með framkvæmdum við skurðgröft.

Bændur, sem láta aðra en samþykktu verktaka grafa á jörðum sínum, fá aðeins hálf framlag á skurðina.

Á ræktunarsvæðum þar, sem kostnaður við skurðgröft vegna óhagstæðrar aðstöðu er meira en 25% hærri en meðalkostnaður á landinu, en telst þó nauðsynleg framkvæmd, er landbúnaðarráðherra heimilt eftir tillögu Búnaðarfélags Íslands að hækka ríkisframlagið svo, að hlutur bóndans verði eigi hærri en meðalkostnaður.

- b. Plógræsi skulu boðin út á sama hátt og vélgrafnir skurðir, og skal framlag á þau vera 75% af kostnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd Ed. flytur þetta frumv. að beiðni vélanefndar ríkisins. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Tilgangurinn með tillögu þeirri um lagabreytingu, sem hér er lögð fram, er þessi:

1. að koma á betri skipulagningu framræslunnar um allt land með áætlanagerð og útboðum;
2. að fyrirbyggja, að ríkissjóður sé látinn greiða meira en hin lögboðnu 70% af kostnaði við skurðgröft, og minnka útgjöld ríkissjóðs, án þess að ganga á hlut bænda;
3. að tryggja hag Vélasjóðs;
4. að tryggja hag þeirra ræktunar- og búnaðarsambanda, sem starfrækja eigin skurðgröfur;
5. að gera bændum, sem búa við vond ræktunarskilyrði, kleift að láta ræsa lönd sín, ef nauðsyn telst;
6. að lækka kostnað ríkissjóðs vegna plógræsagerðar.

1. Skipulagning framræslunnar, eins og hún er nú, er langt frá því að vera nógu góð. Erfitt er að fá vitneskju um það fyrir fram, hversu mikið eigi að grafa hvert ár hjá einstökum bændum, og enn erfiðara er að afla slíkrar vitneskju um heil ræktunarsvæði.

Algengt er, að bændur láti grafa miklu meira en í fyrstu er gert ráð fyrir (stundum líka minna). Þetta skapar viss vandkvæði. Ráðunauturinn, sem mælir fyrir skurðunum, þarf að fara oftast en einu sinni á sama bæinn að mæla fyrir. Áætlun um yfirferð viðkomandi skurðgröfu raskast þannig, að sumir bændur þurfa að bíða óhæfilega lengi eftir, að grafan komi til þeirra.

Með áætlanagerð þeirri, sem hér er um ræðir, yrði vitað fyrir fram nokkurn veginn, hvað á að grafa á hverju ræktunarsvæði, enda er slík áætlanagerð forsenda þess, að hægt sé að bjóða skurðgröft hvers ræktunarsvæðis út.

2. Með útboðum og ákvæðisvinnu á að vera tryggt, að hlutur ríkissjóðs verði ekki fyrir borð borinn og hann látinn greiða meira en hin lögboðnu 70% af kostnaði. Vitað er, að skurðgröfueigendur gera stundum samninga við bændur um það að veita þeim verulegan afslátt af þeirra hlut í kostnaðinum, en ríkissjóður er látinn greiða sinn hlut að fullu. Má benda á, að 10% afsláttur af heildarkostnaði jafngildir þriðjungslækkun á hlut bóndans. Slík tilboð gröfueigenda til bænda gera það oft að verkum, að bændur láta grafa miklu meira en upphaflega var gert ráð fyrir, enda er það ótvíræður hagur gröfueigenda að fá sem mest verkefni á sama stað og þá vandalaust að vinna fyrir lægra verð.

Stjórn Vélasjóðs hefur að sjálfsgöðu ekki farið þessa leið, og þess vegna hafa skurðgröfur sjóðsins flæmt í verri og minni verkefni frá ári til árs.

3. Með almennum opinberum útboðum verður aðstaðan jafnari, og telur vélanefnd mestar líkur til þess, að með slíku fyrirkomulagi megi koma nokkrum skurð-

gröfum Vélasjóðs í góð verkefni og þar með fyrirbyggja hallarekstur sjóðsins að mestu eða öllu leyti.

Vélasjóði er gert að sjá um framræslu á erfiðum ræktunarsvæðum, ef engin eða óaðgengileg tilboð berast í þau verkefni. Er varla um annað að ræða en að slík verk séu unnin samkvæmt reikningi, ef tryggt á að vera, að Vélasjóður tapi ekki á þeim.

4. Mörg ræktunarsambönd eiga og starfrækja skurðgröfur. Eðlilegt má teljast, að þau hafi forgangsrétt að verkefnunum, hvert á sínu ræktunarsvæði, og er gert ráð fyrir, að þau megi ganga inn í lágsta tilboð, hvert á sínu svæði.

Nokkuð er um það, að einstakir bændur vilji ekki hlíta reglum og forsjá félagssamtaka sinna og láta vinna á jörðum sínum með öðrum vélum en þeim, sem félagssamtökin starfrækja. Slíkt veldur oft nokkrum glundroða og raskar áætlunum og gerir félagsreksturinn óhagkvæmari en ella. Tilgangslaust virðist vera að leggja bann við slíku, en reynt er að fyrirbyggja það með því, að menn, sem þannig vilja vinna að jarðræktarframkvæmdum, fái aðeins hálf ríkisframlag miðað við ákvæðisvinnutaxta þess ræktunarsvæðis, sem um er að ræða hverju sinni.

5. Til þess að tryggja bændum, sem búa við vond ræktunarskilyrði, nokkurt jafnrétti við aðra er gert ráð fyrir heimild til handa landbúnaðarráðherra, eftir tillögu Búnaðarfélags Íslands, að hækka ríkisframlagið í einstökum tilfellum, þannig, að hlutur viðkomandi bænda verði ekki miklu verri en annarra.
6. Gert er ráð fyrir, að gerð plógræsa verði boðin út á sama hátt og skurðgröftur og að ríkisframlag verði 75% af kostnaði. Ríkisframlagið er nú kr. 1.20 á hvern metra af ræsum auk vísitöluuppbótar.

Vélasjóður, sem starfrækir tvo lokræsaplóga, lætur bændur greiða kr. 0.30 á hvern metra að 20 km, kr. 0.20 á hvern m fyrir næstu 20 km og kr. 0.15 á hvern m fyrir það, sem þar er umfram. Tveir aðrir aðilar gera plógræsi, og tekur annar þeirra aðeins kr. 0.05 á hvern m. Með útboðum má vafalaust lækka kostnað við plógræsi og minnka þar með útgjöld ríkissjóðs.